

Fundargerð

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

3. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 3. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 21. janúar 2026 kl. 10:00.

Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Guðveig L Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Lilja Björg Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

1. Umræða um verkefni undirbúningsstjórnar

Framhald umræðu á 2. fundi þann 7. janúar sl.

Jón Hrói fór yfir verkefnalista undirbúningsstjórnar og tillögur að verklagi.

Rætt var um það hvort tilefni sé til þess að skipa hverfisráð/heimastjórnir í sameinuðu sveitarfélagi. Ákveðið var að leggja ekki til heimastjórnir en skoða þess í stað aðrar leiðir að virku samráði við íbúa, t.d. íbúasamtök í gegnum þjónustustefnu.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela ráðgjöfum KPMG að vinna tímaáætlun fyrir verkefnið.

2. Tillaga til sveitarstjórna um skipun sameiginlegrar kjörstjórnar og skiptingu í kjördeildir

Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps vekur athygli sveitarstjórnar Borgarbyggðar og hreppsnefndar Skorradalshrepps á því að skipa þarf í sameiginlega yfirkjörstjórn til að undirbúa kosningar til sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi sem verða þann 16. maí nk.

Lagt er til að sameiginleg yfirkjörstjórn verði skipuð tveimur fulltrúum frá Borgarbyggð og tveimur til vara og einum fulltrúa frá Skorradalshreppi og einum til vara. Þá er lagt til að skipun undirkjörstjórna og skipting í kjördeildir í Borgarbyggð verði óbreytt en að Skorradalshreppur verði sérstök kjördeild og að yfirkjörstjórn Skorradalshrepps verði skipuð sem undirkjörstjórn fyrir Skorradalskjördeild.

Lagt er til að ofangreint fyrirkomulag verði lagt fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga til staðfestingar.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

3. Umræða um fyrirkomulag gildistöku

Lögð fram tillaga um að kennitala Borgarbyggðar verði nýtt fyrir sameinað sveitarfélag.

Rætt um það hvort betra sé að byrja með hreint borð. Ákveðið að gera netkönnun um nafn sameinaðs sveitarfélags en vinna áfram á kennitölu sveitarfélagsins.

Lagt er til að kosið verði til sveitarstjórnar í almennum sveitarstjórnarkosningum sem haldnar verða 16. maí nk. og að sameiningin taki gildi 15 dögum síðar sbr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Lagt er til að samþykkt um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar muni gilda fyrir sameinað sveitarfélag

Afgreiðsla: Undirbúningsstjórn samþykkir að kosið verði til sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi í almennum sveitarstjórnarkosningum þann 16. maí nk. og að sameiningin taki gildi 15 dögum síðar. Undirbúningsstjórn samþykkir jafnframt að sameinað sveitarfélag muni starfa á kennitölu Borgarbyggðar og að samþykkt um stjórn Borgarbyggðar muni gilda fyrir sameinað sveitarfélag þar til ný sveitarstjórn setur því samþykkt. Undirbúningsstjórn samþykki jafnframt að gera netkönnun meðal íbúa um nafn sveitarfélagsins.

4. Drög að bréfi til ráðuneytis ásamt fylgigögnum

Jón Hrói kynnti drög að erindi til innviðaráðuneytis um staðfestingu á sameiningu sbr. 122. gr. sveitarstjórnarlaga. Drögin verða uppfærð með hliðsjón af ákvörðunum teknum á fundinum og lögð fyrir að nýju á næsta fundi nefndarinnar.

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.